

393. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 21. júní 2018 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir formaður, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúi fyrir grunnskólamála: Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi grunnskólastjórnenda.

Áheyrnafulltrúar fyrir leikskólamála: Helga Björg Jóhannsdóttir, fulltrúi leikskólastjórnenda

Nanný Arna Guðmundsdóttir mætti ekki á fundinn og enginn varamaður var boðaður til fundarins í hennar stað.

Dagskrá:

1. Endurskoðun erindisbréfa - 2012110034

Lagt fram erindisbréf fyrir fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar.

Erindisbréf fyrir fræðslunefnd lagt fram til kynningar. Fræðslunefnd samþykkir að Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi verði ritari nefndarinnar og að fundir fræðslunefndar verði 1. og 3. fimmtudag í mánuði kl. 8:10-10.

2. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

3. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Margrét Halldórsdóttir sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs kynnir skólasviðið fyrir nýrri fræðslunefnd. Hjördís Þráinsdóttir skjalastjóri fer yfir siðareglur og fundarstörf.

Lagt fram til kynningar. Fræðslunefnd þakkar kynninguna.

4. Sálfræðiþjónusta - 2018060037

Kynnt erindi frá Baldri Hannessyni, sálfræðingi á Ísafirði.

Lagt fram til kynningar.

5. Reglur um skólaakstur í grunnskólum - 2018020058

Kynnt drög að reglum um skólaakstur í grunnskólum Ísafjarðarbæjar

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir og samþykkir reglurnar með þeim breytingum sem fram hafa komið.

6. Skóladagatöl 2018-2019 - 2018020101

Lagt fram skóladagatal Grunnskólans á Þingeyri fyrir skólaárið 2018-2019.

Erindi frestað.

7. Stafræn smiðja (Fab Lab) - 2011100054

Kynnt eru drög að samningi um starfsemi Fab Vest, stafrænnar smiðju á Ísafirði, en um er að ræða breytt rekstrarsnið frá því sem verið hefur hingað til. Framlag Ísafjarðarbæjar verður í samræmi við fjárhagsáætlun.

Bæjarráð tók samningsdrögin fyrir á 1020. fundi sínum 13. júní sl., og vísaði þeim til fræðslunefndar. Bæjarráð óskar eftir því að fræðslunefnd taki ákvörðun um það hvort verkefnið eigi að vera forgangsverkefni í grunnskólum Ísafjarðarbæjar.

Fræðslunefnd samþykkir verkefnið.

8. Endurskoðun á skólastefnu Ísafjarðarbæjar - 2016100048

Lögð fram drög vegna endurskoðunar á skólastefnu Ísafjarðarbæjar

Lagt fram til kynningar. Áfram verður unnið við skólastefnuna.

9. Skóladagatal 2018-2019 - 2018050060

Lagt fram skóladagatal leikskólans Laufáss á Þingeyri fyrir skólaárið 2018-2019.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við skóladagatalið.

10. Reiknilíkan fyrir leikskóla Ísafjarðarbæjar - 2017120066

Lagt fram minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur, skóla- og sérkennslufulltrúa dagsett 22. maí 2018, er varðar endurskoðun barngilda á hvern kennara í leikskólum og minnisblað frá Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla og tólmstundasviðs dagsett 20. júní 2018 með samantekt á vinnu við leikskólalíkan.

Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að tillögur um breytingar á fjölda barna á starfsmann verði samþykktar og felur starfsmönnum að láta fylgja kostnaðaráætlun með.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:40

Hafdís Gunnarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Magnús Einar Magnússon

Margrét Halldórsdóttir

Guðrún Birgisdóttir